

REGLUR

um ferðir vegna fundarhalda erlendis á vegum HRFÍ

1. Tilgangur, gildissvið og forsendur.

Þessar reglur gilda um samþykki og greiðslu kostnaðar á ferðum fulltrúa HRFÍ til útlanda. Til grundvallar reglunum eru ákvæði laga HRFÍ um fjárreiður félagsins sem stjórn HRFÍ ber ábyrgð á.

Reglur þessar eiga að stuðla að faglegri ákvarðanatöku um ferðir erlendis og greiðslu kostnaðar vegna þeirra sem og að tryggja að kostnaði sé haldið í lágmarki.

2. Reglubundnar ferðir.

HRFÍ er aðili að FCI (Federation Cynologique Internationale), alþjóðasamtökum hundaræktarfélaganna. Á hverju ári er fundur hjá FCI og þá er fundur hjá FCI Europe Section. Formaður HRFÍ og framkvæmdastjóri sitja jafnan þessa fundi fyrir hönd HRFÍ.

HRFÍ er aðili að NKU (Nordisk Kennel Union) samtökum norrænu hundaræktarfélaganna. Á vegum NKU eru tveir fundir á ári en í tengslum við þá fundi eru einnig fundir framkvæmdastjóra aðildarfélaganna NKU. Formaður HRFÍ og framkvæmdastjóri sitja jafnan þessa fundi fyrir hönd HRFÍ.

Æskilegt er að HRFÍ sé með kynningarbás á Norðurlandatorgi NKU á Nordic Winner ár hvert. Framkvæmdastjóri HRFÍ sinnir þessu verkefni.

Ákvörðun um ferðir.

Stjórn HRFÍ telur að rækta beri alþjóðasamskipti að því marki sem hægt er og fjárhagur félagsins leyfir.

Framkvæmdastjóri skal, þegar dagsetningar og dagskrár reglubundna funda liggja fyrir, kynna þær fyrir stjórn ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun vegna ferðarinnar. Stjórn ákveður hvort sendur skuli fulltrúi, einn eða fleiri, á fundi.

Komi upp önnur tilefni til ferðalaga samþykkir stjórn HRFÍ slíkar ferðir fyrirfram og greiðslu kostnaðar vegna þeirra á grundvelli fyrirbyggjandi fjárhagsáætlunar.

Fulltrúar sem sækja fundi fyrir hönd HRFÍ skulu skila skýrslu um efni fundarins til stjórnar HRFÍ eigi síðar en á næsta stjórnarfundi eftir heimkomu.

3. **Greiddur kostnaður.**

Greiddur er ferðakostnaður fulltrúa HRFÍ sem sækja fundi erlendis. Þeim kostnaði skal haldið í lágmarki og í því skyni skal reynt að bóka ferðir með eins góðum fyrirvara og kostur er.

Ekki er greiddur ferðakostnaður innanlands.

Ferðakostnaði erlendis, þ.m.t. frá flugvelli og á fundarstað eða á hótél skal haldið í lágmarki. Fulltrúar HRFÍ skulu nota ódýrasta mögulega ferðamáta og ef í boði eru rútuferðir skulu þær notaðar fremur en lestir eða leigubílar.

HRFÍ greiðir gistingu og fæði fulltrúa HRFÍ erlendis og skal þeim kostnaði haldið í lágmarki.

Fulltrúar HRFÍ fá hvorki laun, dagpeninga né aðrar greiðslur vegna ferða erlendis. Starfsmenn HRFÍ missa þó einskis í launum sínum vegna ferða sem þeir fara á vegum HRFÍ.

4. Verkferill við samþykkt og greiðslu kostnaðar.

Framkvæmdastjóri HRFÍ sér um að bóka ferðir og hótél erlendis. Allur ferðakostnaður skal samþykktur af stjórn HRFÍ.

Greiði fulltrúi HRFÍ sjálfur hluta af kostnaði í ferð sinni skal hann endurgreiddur af framkvæmdastjóra samkvæmt framlögðum reikningi að því tilskyldu að hann teljist tilhlýðilegur og eðlilegur í samræmi við reglur þessar. Telji framkvæmdastjóri umkrafinn kostnað háan skal hann borinn undir stjórn til samþykktar áður en hann er endurgreiddur fulltrúa HRFÍ.

Fulltrúar HRFÍ gera sér grein fyrir að stofnun óeðlilegs kostnaðar sem ekki er í samræmi við reglur þessar verður ekki greiddur.